

Reykjavík, 12. febrúar 2026

Efni: Umsögn um mál nr. S-20/2026 – Drög að frumvarpi til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) vísa til draga að frumvarpi til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja. Með frumvarpinu er mælt fyrir um lagabreytingar vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2033 (IFR) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2034 (IFD).

Gildistaka

Áætluð framlagning frumvarpsins er í mars 2026. Gildistökuákvæði þess er svo hljóðandi: “Lög þessi öðlast þegar gildi”. Taki lögin gildi skömmu eftir framlagningu benda SFF á að þau aðildarfyrirtæki SFF sem frumvarpið tekur gefist ekki svigrúm til þess að innleiða breytingar inn í reksturinn m.a. skýrsluskil, skipulagskröfur og annað sem þarf að aðlaga til þess að uppfylla lagaskilyrði. Einnig skal á það bent að félög sem flokkast ekki sem lítil og ótengd félög þurfa að aðlaga sig að löggjöfinni með viðameiri hætti. Stuttur aðlögunarfrestur er óheppilegur í því ljósi að ströng viðurlagaákvæði er að finna í frumvarpinu. Vegna þessa er óskað eftir að eðlilegt svigrúm verði veitt til þess að fyrirtækin geti með raunhæfum hætti innleitt nýjar, eða breyttar kröfur, þannig að engin viðurlög komi til í tiltekinn tíma, þar sem aðlögunar er þörf, á meðan hún á sér stað innan fyrirtækjanna.

Gengið of langt í íslenskri löggjöf

SFF hafa ítrekað bent á mikilvægi þess að ekki sé gengið lengra í innleiðingu Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði hérlandis en nauðsynlegt er. Skiptir það sköpum þegar kemur að samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar. Nefna má m.a. [ábendingar](#) sem SFF skiluðu til starfshóps gegn **gullhúðun (blýhúðun)** EES-reglna.¹ Eitt af þeim atriðum sem SFF benti sérstaklega á er hversu strangar reglur gilda hér þegar kemur að reglum um breytileg laun (kaupauka). SFF benda á að of strangar reglur hafi áhrif á rekstrarskilyrði eftirlitsskyldra aðila (m.a. sveigjanleika í rekstri) og samkeppnishæfni þeirra. Samtökin telja mikilvægt að nýta tækifærið hér og benda á að þau telja tímabært að ákvæði í íslenskri löggjöf um breytileg starfskjör séu skoðuð þvert yfir tegundir fjármálafyrirtækja og samræmd við það sem tíðkast í ríkjum sem við berum okkar saman við. Samtökin eru tilbúin í samtal hvað þetta varðar.

SFF telja að með því að afnema þær reglur sem ganga lengra en nauðsyn ber til, og með einföldun löggjafar almennt, skapist meira rými fyrir því að innlend fjármálaþjónusta geti áfram stuðlað að bættum lífskjörum og aukinni framleiðni hér á landi.

Samtökin áskilja sér rétt til þess að koma að frekari ábendingum eða athugasemdum síðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur

¹ Sjá einnig umfjöllun um einföldun regluverks í [umsögn](#) um drög að atvinnustefnu Íslands.